



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Bt. Hinriks Greipssonar

Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti		Ábm.	AG
ANR	16090053		
Málal.	11.3.1	Aðrir	08D
Mótt.	21.12.2016		
Aths.			

Ísafjörður, 16. desember 2016  
2016090018 HP

### Efni: Tillaga 391. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Eftirfarandi bókun var gerð á 391. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem haldinn var 15. desember sl.:

Lögð er fram tillaga bæjarstjóra að sérreglum um byggðakvóta í Ísafjarðarbæ fiskveiðiárið 2016/2017.

*Tillaga bæjarstjóra er svohljóðandi:*

„Ákvæði reglugerðar nr. 641 frá 8. júlí 2016 gilda um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðar, Hnífsdals, Þingeyrar, Flateyrar og Suðureyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði a-liðar 1. gr. breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða fristundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2016.

c) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með fristundaleyfi sbr a-lið, í þorskígildistoni á bát, 30% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiarinu 2015/2016, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan byggðalagsins á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afls samkvæmt 1. mgr.

d) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla, sem telja á til byggðakvóta Ísafjarðar til vinnslu innan sveitarfélagsins, á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016."

Til máls tóku: Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, Kristján Andri Guðjónsson, Jónas Þór Birgisson, Daniel Jakobsson, Marzellíus Sveinbjörnsson, Arna Lára Jónsdóttir og Gunnhildur Elíasdóttir.

Kristján Andri Guðjónsson lagði fram eftirfarandi tillögu f.h. Í-listans:

"Að jöfn skipting byggðakvóta verði hækkuð úr 30% í 40%, þannig að c-liður tillögu bæjarstjóra breytist og verði svohljóðandi:

"Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistoni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiárinu 2015/2016, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan byggðalagsins á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr."

Forseti ber breytingartillögu Í-listans upp til atkvæða.


Tillagan samþykkt 6-0. 3 sátu hjá.

Forseti ber tillöguna, með áorðnum breytingum, upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.

Bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Hjördís Þráinsdóttir

- skjalastjóri -